



## HEIMSPEKILEIKIR - INNGANGUR

### HEIMSPEKILEIKIR ÞJÁLFA GRUNNÞÆTTI SAMRÆÐU

**Aldur nemenda:** 3 ára og eldri

**Viðfangsefni:** upphitun fyrir samræðu eða inngangur að samræðu

**Færnimarkmið:**

Prep 1: spyr heimspekilegra spurninga, er sammála/ósammála, rökstyður skoðanir sínar.

Prep 2: byggir á því sem á undan er sagt, dregur rökréttar ályktanir, leiðréttir sjálfan sig í ljósi nýrra raka.

**Viðhorfamarkmið:**

Prep 1: Einbeittir sér að viðfangsefninu, þorir að segja skoðun sína.

Prep 2: Sýnir vilja til að rannsaka ágreining, hefur hugrekki til að setja fram sjálfstæða skoðun og spurningu.

**Efni og áhöld:** Gott gólfrymi, e.t.v. spjöld sem búið er að skrifa á spurningar, skoðanir eða hugtök

**Tími/umfang:** 5 mínútur og lengur eftir þörfum

### SKÝRINGARTEXTI TIL KENNARA:

Leikir eru vinsælir í heimspekikennslu og sérlega nytsamlegir í fyrstu kennslustundunum með nýjum hópum. Í verkefnabanka Heimspekitorgsins eru leikir af ýmsu tagi en þeir þjálfar allir grunnþætti samræðunnar: hugsun – skuldbindingu – rökstuðning – sjálfleiðréttingu. Í þessari grein er hlutverk grunnþáttanna útskýrt.

### HUGSUN

Hvettu nemendur til að hugsa um spurningar sem bjóða upp á skynsamleg en umdeilanleg svör.

- Til að byrja með gæti þér þótt auðveldara að ná samræðu í gang með því að nota spurningar sem kalla eftir ólíkum skoðunum nemenda (t.d. spurningar sem byrja á „Hvort myndir þú frekar velja...“)
- Tími til að hugsa – það skiptir öllu máli að hver og einn fái tíma til að hugsa málið sjálfur. Ef nemendur fá ekki þennan tíma þá er hættu á að þeir fari að „jarma“ hugsanir upp eftir hverjum öðrum í stað þess að hugsa sjálfstætt.

### SKULDBINDING

Láttu nemendur taka afstöðu, sýna svör sín og skuldbinda sig gagnvart þeim með því að fara á ákveðinn stað eða velja hlut sem táknar svarið (t.d. A4 blað).

- Þetta er mjög mikilvægt skref. Það krefur nemendur um að velja og taka af skarið – eða í sumum tilfellum að velja að velja ekki – og það virkjar alla til þátttöku.
- Þessi skuldbinding nemandans hjálpar þér að laða hlédrægari nemendur inn í samræðuna. Þegar nemandinn hefur tekið afstöðu, t.d. með því fara á ákveðinn stað í stofunni þá er miklu minna mál að spyrja „Jæja Jóna, af hverju finnst þér aldrei í lagi að...“ heldur en ef kennarinn fer beint í að spyrja nemandann „Jæja Jóna, hvaða skoðun hefur þú?“
- Ef nemandi finnst mjög erfitt að taka ákvörðun eða velja eitt af þeim svörum sem eru í boði getur hann valið að standa mitt á milli (eða velja nokkra hluti) og sýna þannig óákveðni sína. Við mælum ekki með því að þessi valkostur sé kynntur að fyrri bragði af því að það er betra að þátttakandinn taki sjálfstæða ákvörðun um að enginn af valkostunum henti til að lýsa því sem hann er að hugsa.

### RÖKSTUÐNINGUR

Gerðu þá kröfu til nemendanna að þeir gefi sín bestu rök til að styðja skoðanir sínar. Þegar spurningum kennara eða bekkjarfélaga er svarað á alltaf að svara með rökstuðningi.

- Sem samræðustjórnandi áttu að spyrja spurninga sem kalla eftir rökstuðningi. Notaður spurningar sem eru líklegar til að kalla á samanburð, samtal eða ágreining, t.d. „Græni hópur, þið teljið XXX dæmi um miklu meiri illsku heldur en guli hópurinn gefur til kynna með sínum svörum. Af hverju?“
- Þegar þú sérð að einhver hefur aðra skoðun en þú þá er eðlilegt að þú verðir forvitinn um hvernig standi á þessu. Þegar einhver er sammála skoðun þinni gætir þú samt vilja vita hvort það sé af sömu ástæðum, með sömu rökum og þú gefur þér. Það eru alltaf nokkrar leiðir mögulegar til að hefja samræðu svo lengi sem eintal eða fyrirlestur yfirtekur ekki umræðuefnið.
- Að hreyfa sig um stofuna til að sýna hvað maður er að hugsa kallar á meiri samskipti og samkennd heldur en ef hópurinn situr allan tímann og talar saman. Hreyfingin gefur samræðunni orku.

## AÐ LEIÐRÉTTA SJÁLFAN SIG

Þú þarft að ætlast til þess af nemendum þínum að þeir hugsi af alvöru um það sem þeir heyra og láti vita ef þeir skipta um skoðun.

- Gefðu nemendum alltaf tækifæri til að láta vita ef þeir hafa skipt um skoðun. Skapaðu slík tækifæri í framvindu samræðunnar t.d. með því að spyrja „vil einhver færa sig eða skipta um skoðun vegna einhvers sem búið er að segja?“
- Þessi tækifæri eru oft vanrækt eða vannýtt.
- Punktaðu hjá þér spurningar sem nemendur varpa fram í framvindu samræðunnar. Þessar spurningar er hægt að nota seinna í samræðunni eða sem dæmi um heimspekilegar spurningar þegar tækifæri gefst til að ræða þær sérstaklega.
- Það segir nemanda mjög mikið ef hann sér hópfélaga sína færa sig milli valkosta í kjölfarið á einhverju sem hann sagði sjálfur og rökstuddi. Þetta styrkir þá hugmynd í menningu hópsins að það sé í góðu lagi að skipta um skoðun þegar þú hefur góð rök fyrir því.
- Stundum hefst samræða í kjölfar ágreinings, spurningar eða þess að einhver skipti um skoðun. Gríptu slík tækifæri og fylgdu þeim vel eftir.

## NÁMSMAT:

Heimspekileikir þjóna aðallega tilgangi sem upphitun að lengri samræðu. Ekki er nauðsynlegt að skipuleggja mat á frammistöðu nemenda í leikjunum en það er þó mögulegt. Við mælum með því að slíkt mat sé frekar óformlegt og að miklu leyti í höndum nemenda til að eiga það ekki á hættu að slá niður stemningu sem leikurinn hefur vonandi skapað. Óformlegt mat er t.d. „puttamat“ sem fer þannig fram að kennari spyr spurninga sem nemendur svara með því að sýna „puttann upp“ eða „puttann niður“. Ein spurning dugur oft, tvær til fjórar spurningar er nægilegt mat í lok verkefnis eða kennslustundar. Nemendur geta haft svigrúm til að gefa „bæði og“ til kynna en kennarinn þarf ekki að bjóða það sérstaklega, sbr. það sem sagt er hér að ofan um að nemendur hafi sjálfstæði til að brjóta sig frá þeim ramma sem er settur.



Kennari spyr spurninga sem kanna hversu vel nemendur telja sig hafa beitt þeim grunnþáttum samræðunnar sem leikurinn átti að þjálfa. Áður en spurt er getur verið gagnlegt að ákveða hvort nemendur eiga að meta sína eigin frammistöðu eða frammistöðu hópsins:

- Nýttum við/nýttir þú spurningar sem kalla á ólík svör?
- Þorðum við/þorði ég að taka afstöðu?
- Sýndum við/sýndi ég skoðun mína?
- Rökstuddum við/ég skoðun mína?
- Skiptum við/skipti ég um skoðun

## MEIRA Á HEIMSPEKITORGINU

- [Heimspekileikur: Hrærigrautur heimspekingsins](#)
- [Heimspekileikur: Að kjósa með fótunum](#)
- [Heimspekileikur: Hugtakaskali](#)
- [Heimspekileikur: Spurningasafnið](#)